

Fjölbrautaskólinn við Ármúla



Kennslu- og áfangamat á haustönn 2025

Inngangur

Kennslu- og áfangamat (kennslumat) var lagt fyrir 9. nóvember til 4. desember. Könnunin fór fram í gegnum Innu eins og undanfarin ár. Matið var lagt fyrir 95 hópa sem 33 kennarar kenndu. Þátttaka var með besta móti eða 65,7% (1095 af 1666). Úrtakinu mátti skipta í sjö stærri hópa: Enska, heilbrigðisgreinar, íslenska, lífsleikni, saga, sálfræði og ýmsar greinar.

Kennslumatið innihélt sömu 13 spurningarnar eins og undanfarin ár en spurningalistann má í heild sinni sjá í viðauka A. Fyrstu 10 spurningarnar voru krossaspurningar á Likert-kvarða um kennsluna, áfangann og viðhorf og framlag nemandans með svarmöguleikunum: mjög sammála, frekar sammála, á ekki við/veit ekki, frekar ósammála og mjög ósammála. Einnig gafst nemendum færi á að gefa kennaranum einkunn og að koma á framfæri skriflega því sem betur mætti fara og því sem væri best við áfangann.

Ábyrgðin af framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar er alfarið á hendi gæðastjóra skólans. Meðan könnunin var aðgengileg nemendum þá sendi gæðastjóri kennurum í úrtaki vikulega pósta með tilmælum um að leggja könnunina fyrir auk tölfræði um þátttöku. Í byrjun síðustu viku var svo sendir tveir póstar á alla nemendur í úrtakinu og þeir hvattir til þess að svara. Niðurstöður voru gerðar aðgengilegar kennurum þegar viðtali vegna námsmats lauk þann 15. desember.

Markmiðið með kennslu- og áfangamati er að:

- gefa kennurum færi á reglulegri endurgjöf í starfi sem gagnast þeim við að ígrunda kennsluna
- gefa nemendum færi á því að hafa rödd í skólanum og ígrunda sitt nám
- gefa skólastjórnendum færi á að heyra skoðanir nemenda á skólastarfinu
- safna reglulega gögnum um skólastarfið
- skoða kerfisbundið áfanga og nám við skólann með það að markmiði að betrumbæta skólastarfið
- greina niðurstöður eftir flokkum þegar það á við og dreifa til einstaka kennarahópa.
- Mæla framför eða afturför í viðhorfum nemenda milli ára

Ekki er liðinn lengri tími síðan kennari við skólann fór í kennslumat en haustið 2024 nema í undantekningartilfellum.

Ánægja nemenda í kennslukönnun haustsins 2025 er með mesta móti hvort sem litið er til einkunnagjafar til kennara eða fyrir einstaka spurningu. Þetta sést bæði af meðalstigagjöf, meðaleinkunnum kennara eða hlutfalli nemenda sem eru sammála fullyrðingum í spurningum 1-10.

Það er afar ánægjulegt að það gerist samfara þátttökuaukningu en þátttakan hefur aukist jafnt og þétt undanfarnar fjórar annir.

Framfarir hafa aukist mikið í viðhorfum nemenda í íslensku um það hvort þeir teljið að námið nýtist sér í framtíðinni (spurning 7) ef vorönn 2023 er borin saman við haustönn 2025. Eins og í könnunum undanfarin ár er mest fylgni milli kennaraeinkunnar og viðmóts kennara og skýrleika hans í útskýringum og fyrirmælum. Síst er ánægjan með fjölbreytileika

kennsluaðferða og hvort nám nýtist í framtíðinni, en þó eru rúmlega 80% jákvæðir gagnvart þessum spurningum.

Niðurstöður kennslumatsins í ensku, heilbrigðisgreinum, íslensku, lífsleikni, sögu og sálfræði var send á viðkomandi kennara til umræðu og ígrundunar innan deildar.

Úrtakið

Við val á úrtaki var fyrst og fremst horft til nýrra kennara og þeirra sem hvorki höfðu verið í könnuninni vorið 2025 né haustið 2024. Eftirfarandi áfangar voru í kennslumati (fjöldi hópa innan sviga).

AVTA2AS12 (1)	HJÚK3LO03 (1)	LÍFS1ÉG03 (6)	SJÚK2GH05 (1)
ÁEFR2TF04 (1)	HJÚK3ÖH05 (1)	LÍOL2IL05 (1)	SJÚK2MS05 (1)
ENSK1GR05 (4)	ÍSLE1GR05 (4)	LÍOL2SS05 (2)	SKRÁ2TT05 (1)
ENSK1UN05 (1)	ÍSLE2BS05 (1)	RAFÍ2FA03 (1)	SÓTT2SÓ04 (1)
ENSK2EH05 (2)	ÍSLE2GM05 (5)	RTGF2GR05 (1)	SPÆN1AG05 (2)
ENSK2LO05 (3)	ÍSLE2MR05 (2)	SAGA1MF05 (6)	STÆR1GR05 (1)
ENSK2OB05 (1)	ÍSLE3BÓ05 (2)	SAGA2NS05 (2)	STÆR1UN05 (2)
ENSK3RO05 (2)	ÍSLE3LG05 (1)	SAGA3KM05 (1)	STÆR2AM05 (1)
ENSK3SA05 (3)	ÍSLE3NB05 (2)	SAGA3MM05 (1)	SÝKL2SS05 (1)
FHTA2GP04 (1)	ÍPRG1KN02 (1)	SASK2SS05 (1)	TAMS3TT05 (1)
FOSA2FO05 (1)	KYNJ2KY05 (1)	SÁLF1SD05 (2)	THIR2GR04 (1)
HBFR1HH05 (3)	LAND2AU05 (1)	SÁLF2AA05 (3)	TÖHÖ2LH05 (1)
HJÚK1AG05 (1)	LIME2LS05 (1)	SÁLF3AB05 (1)	TÖLE2SE05 (1)
HJÚK3FG05 (1)	LÍFS1AM03 (2)	SÁLF3PS05 (1)	UMHV2SJ05 (1)


Alls voru hóparnir 95. Þeir voru flokkaðir í stærri flokka þannig:

- **Enska:** Alls 16 hópar
- **Heilbrigðisgreinar:** Aðstoð við tannlækningar, fjögurra handa tannlækningar, forvarnir og samskipti, heilbrigðisfræði, hjúkrun, líffæra- og lífeðlisfræði, röntgenfræði, samskipti, sjúkdómafræði, skráningar og spjaldskrárgerð, sótthreinsun og dauðhreinsun, sýklafræði, tann- og munnsjúkdómsfræði, áhalda- og efnisfræði og tannhirða og pússun (alls 22 hópar)
- **Lífsleikni:** Alls 8 hópar
- **Saga:** Alls 11 hópar
- **Sálfræði:** Alls 7 hópar
- **Íslenska:** Alls 17 hópar
- **Ýmsar greinar:** Kynjafræði, landafræði, listir- og menning, rafíþróttir, spænska, stærðfræði, tölvuleikir, tölvustudd hönnun, umhverfisfræði og íþróttagrein (alls 14 hópar).

Þeir hópar sem tilheyra heilbrigðisgreinum má flokka sem starfsgreinar. Þær eru um fjórðungur alls úrtaksins.

Þátttaka

Þátttakan í kennslukönnun haustið 2025 var 65,7% (meðaltal reiknað yfir allt úrtakið).
Meðalþátttaka hvers hóps var 67,3% og miðgildi 66,7%. Þátttökudreifingin er hér fyrir neðan.




Besta þátttakan var að meðaltali í heilbrigðisgreinum:

Flokkar	Meðalþátttökuhlutfall	Fjöldi hópa
Heilbrigðisgreinar	81%	22
Saga	71%	11
Enska	69%	16
Sálfræði	65%	7
Lífsleikni	62%	8
Ýmsar greinar	57%	14
Íslenska	53%	17

Þátttaka fyrr og nú

Þátttaka í kennslumati hélt áfram að vaxa haustið 2025 og hefur verið yfir 60% viðmiðinu fjórar annir af síðustu fimm.



Lykillinn að þessum árangri hefur verið að virkja kennarana með hvatningarpóstum einu sinni í viku meðan kennslu stendur með tölfræði yfir þátttöku. Eftir þörfum er rekið á eftir kennurum hópa með lélega svörun. Síðustu dagana voru sendir tveir póstar beint á nemendur þar sem vakin er athygli á könnuninni.

Niðurstöður spurninga 1-10

Hér voru allar spurningar settar fram á Likert-kvarða. Svarkostirnir voru: Mjög sammála (4), frekar sammála (3), frekar ósammála (2), mjög ósammála (1) og Á ekki við/veit ekki.

Niðurstöður eru settar fram í eftirfarandi töflu:

Nr	Spurning	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Á ekki við/veit ekki	Frekar sammála	Mjög sammála
1	Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni.	2,1%	9,5%	2,5%	43,9%	42,1%
2	Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar.	1,2%	4,9%	1,2%	37,0%	55,7%
3	Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans.	1,7%	4,3%	1,5%	36,1%	56,4%
4	Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.	2,9%	10,6%	4,0%	38,2%	44,4%
5	Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.	2,6%	7,0%	1,4%	34,6%	54,5%
6	Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans.	2,0%	5,2%	3,7%	33,6%	55,6%
7	Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.	2,0%	6,2%	0,9%	31,7%	59,2%
8	Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr.	4,0%	9,2%	3,9%	32,5%	50,4%
9	Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér.	2,1%	3,8%	1,7%	27,4%	65,0%
10	Þessi áfangi er vel skipulagður.	2,7%	7,5%	4,5%	33,5%	51,8%

Nemendur eru 80-92,5% tilvika frekar eða mjög sammála fullyrðingunum. Minnst er ánægjan (þó 83%) með spurningar 1 og 7 eins og oft áður.

Samanburður við fyrri annir

Í viðauka D er tafla yfir meðaltal einkunna úr spurningum 1-10 þegar búið er að gefa svörum nemenda vægi skv. eftirfarandi töflu:

Svar	Vægi
Mjög sammála	4
Frekar sammála	3
Frekar ósammála	2
Mjög ósammála	1

Eins og fram kemur í viðauka D koma meðaltölin mjög vel út í samanburði við fyrri annir og eru í hæstu hæðum. Meðaltölin sýna eins og hlutfallstölurnar í síðasta kafla að lægsta einkunn gefa nemendur að jafnaði fyrir fjölbreytileika í kennslu og viðhorfi til þess hvort námið muni nýtast í framtíðinni.

Miklar framfarir má greina í viðhorfum nemenda til íslensku borið saman við t.d. vorönn 2023.


Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.		
Áfangi	Meðalstigagjöf V23	Meðalstigagjöf H25
ÍSLE1GR05	3,1	3,4
ÍSLE1UN05	3,3	Ekki með
ÍSLE2BS05	2,1	3,3
ÍSLE2GM05	1,9	3,0
ÍSLE2HM05	2,7	Ekki með

Í tilviki ÍSLE2BS05 og ÍSLE2GM05 þá voru staðalfrávik um 1,0-1.1 vorið 2023. Ánægja nemenda er því að aukast að jafnaði um staðalfrávik eða rúmlega það. Það er gríðarleg breyting. Sett í samhengi við normaldreifingu þá eru 34% gilda einu staðalfrávik ofan við meðaltal. Það að meðaltal færi sig upp um heilt staðalfrávik þýðir að nýja meðalstigagjöfin er hærri en um 84% af einkunnum sem gefnar voru vorið 2023.

Í viðauka B og C er að finna upplýsingar um fylgni milli einstaka spurninga. Það er talsvert jákvæð fylgni milli margra spurninganna (0,5-0.8) sem þýðir að ánægja/óánægja sem kemur fram í einni spurningu smitast yfir á hinar.

Kennaraeinkunn og þróun síðustu anna

Í spurningu 11 gafst nemendum færi á að gefa kennurum sínum einkunn á bilinu frá 1 til 10. Meðaltalið var 8,65 en miðgildið 8,7. Meðaltalið er með hæsta móti en miðgildi lægra.



Í 45% tilvika gáfu nemendur kennurum sínum einkunnina 10 og 18,8% einkunnina 9. Alls gáfu nemendur kennurum sínum einkunn á bilinu 8-10 í rúmlega 80% tilvika.

Mest fylgni milli einkunnagjafar í spurningum 1-10 og spurningar 11 og spurningar 8 og 9 eða 0,77 og 0,79. Þær spurningar snúa að skýrleika fyrirsmæla kennarans og ánægju með viðmót (sjá viðauka A). Þetta er sama niðurstaða og undanfarin ár.

Raddir nemenda

Í tveimur síðustu spurningunum gafst nemendum færi á því að segja hvað þeim þótti best og hvað þeim fannst að mætti laga.

- Spurning 12: Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
- Spurning 13: Hvað finnst þér best við áfangann?

Spurning 12: Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.

Um 40% svaranna voru á þá leið að ekkert væri í raun að áfanganum eða nemandinn væri ekki viss um hvað væri að. Það er hærra hlutfall en var á vorönn 2025 þegar þetta sama

hlutfall var um 30%. Nemendur kvarta yfir: kennsluaðferðum, endurgjöf á verkefni, námsefni, ónógum tíma sem þeim gefst til að undirbúa sig fyrir próf, aðbúnaði í stofum (stólar, kuldi, tölvumýs og lyklaborð), fábreytni í kennsluháttum, upplýsingagjöf um áfangann (verkefni, námsefni og tilkynningar), truflun frá talandi samnemum og að síðabanni sé ekki nægilega framfylgt, svo fátt eitt sé nefnt. Einstaka nemandi ígrundar eigin frammistöðu.

Hér á eftir fara nokkrar ábendingar:

- *Mætti vera fjölbreyttari leiðir til lærdóms en bara glærur, verkefni og svo próf. Þetta er alltaf sama sagan, aðeins annað efni.*
- *Mér finnst ég hefði getað mætt betur og gert betur í prófum, og skipulagt mig kannski aðeins betur.*
- *Að kennarinn sé kurteisari og þolinmóðari.*
- *Það komu aldrei upplýsingar á önninni til þess að láta nemendur vita. Allt kom í byrjun áfangans og svo ekkert meira.*
- *Þetta er rosa mikið um glærur og lestur af glærum eða bók. Vantar þínu fjölbreytni.*

Spurning 13: Hvað finnst þér best við áfangann?

Þegar nemendur tala um hvað þeim þykir best við áfangann þá nefna þeir oftast kennarann. Orðið kennari var nefnt í einhverju falli í 190 athugasemdum af 615. Það er svipað hlutfall og vorið 2025. Einnig nefna nemendur kennarann í mörgum tilvikum með fornafni.

Hér eru nokkur dæmi um svör við þessum spurningum birt með þeirra eigin orðum:

- *Kennarinn er góður og kennslan fjölbreytt sem heldur manni áhugasömum um efnið og festir námsefnið betur í minni.*
- *Að læra mismunandi leiðir til þess að bera fram sama orð og læra hver munurinn er. Hvernig ég get bætt orðaforðann minn og notað hann svo í daglegu lífi þegar ég tala við amerísku fjölskylduna mína.*
- *Kennari hvetur mann áfram, er ströng en vill að við stöndum okkur vel og gerum okkar allra besta, hún er með metnað í okkar garð.*
- *Að við nemendurnir vinnum saman að sameiginlegu markmiði, tölum mikið saman um námsefnið og kennarinn tekur líka þátt í samræðunum. Það er mjög gott andrúmsloft í tímunum.*
- *Það sem mér finnst best við áfangann er klárlega X !!! Hún er einn besti kennari sem ég hef verið með, hún er mjög skipulögð, sanngjörn og fljót að svara spurningum. Hún gefur sér alltaf tíma í spjall sama hvort það sé um námsefnið eða bara hvað sem er <3*
- *Það að allir fengu að segja sína skoðun og hvernig mér fannst flestir vera eins og einn stór vinahópur. Félagsfræði myndi ég mæla með fyrir alla því félagslegt líf er alls staðar og hver sem er getur talað/rætt um alls konar málefni í þessum áfanga*
- *Efnið er mjög áhugavert, það er gagnlegt og skemmtilegra þegar kennarinn ber saman hluti úr námsefninu við athafnir í daglegu lífi til að auka skilning (og áhuga!)*
- *Kennarinn útskýrir efnið mjög vel og hægt er að skilja allt og undirbúa sig fyrir próf á góðum tíma*

- *Það eru mjög fjölbreyttar aðferðir notaðar í áfanganum. Oft góður fyrirvari á skilum. Kennari er mjög skilningsríkur á langvinnum veikindum*

Niðurstöður og atriði til umhugsunar

Umsagnir og einkunnagjafir nemenda haustið 2025 bera kennslu og kennurum við FÁ fagurt vitni. Einkunnagjöf og þátttaka er í hæstu hæðum

Nokkur atriði til umhugsunar:

- Enn er þátttaka í kennslukönnun á uppleið og er umtalsvert yfir 60% viðmiði skólans.
- Meðaleinkunnagjöf til kennara er 8,65 sem er met og 80% nemenda gefa kennurum sínum einkunn á bilinu 8-10.
- Ánægjulegt er að einkunnagjöf vegna spurningar sjö hefur hækkað marktækt í íslensku miðað við vorið 2023.
- Mesta óánægjan kom fram í spurningum eitt og sjö sem snúa að fjölbreytileika kennsluhátta og hvort námið muni gagnast í framtíðinni. Þessar spurningar hafa ítrekað mælst lægstar á undanförunum árum. Þó er rúmlega 80% nemenda jákvæðir í garð þessara spurninga.
- Mest fylgni milli einkunnagjafar til kennara var við skýrleika og viðmót kennara eins og undanfarin ár.

Reykjavík í mars 2026

Unnar Þór Bachmann (gæðastjóri)

Viðauki A: Spurningar í kennslukönnun

1. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni.
2. Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar.
3. Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans.
4. Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.
5. Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.
6. Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans.
7. Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.
8. Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr.
9. Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér.
10. Þessi áfangi er vel skipulagður.
11. Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1 – 10?
12. Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
13. Hvað finnst þér best við áfangann?

Viðauki B: Fylgni milli tölulegra svara í spurningum 1-11

Spurning	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
1	1,00	0,65	0,56	0,65	0,64	0,58	0,51	0,69	0,64	0,63	0,66
2	0,65	1,00	0,52	0,71	0,65	0,57	0,63	0,74	0,61	0,82	0,60
3	0,56	0,52	1,00	0,44	0,34	0,22	0,50	0,44	0,35	0,41	0,32
4	0,65	0,71	0,44	1,00	0,60	0,54	0,53	0,78	0,57	0,77	0,66
5	0,64	0,65	0,34	0,60	1,00	0,54	0,55	0,69	0,57	0,57	0,62
6	0,58	0,57	0,22	0,54	0,54	1,00	0,26	0,67	0,51	0,61	0,49
7	0,51	0,63	0,50	0,53	0,55	0,26	1,00	0,49	0,38	0,59	0,45
8	0,69	0,74	0,44	0,78	0,69	0,67	0,49	1,00	0,67	0,80	0,77
9	0,64	0,61	0,35	0,57	0,57	0,51	0,38	0,67	1,00	0,62	0,79
10	0,63	0,82	0,41	0,77	0,57	0,61	0,59	0,80	0,62	1,00	0,66
11	0,66	0,60	0,32	0,66	0,62	0,49	0,45	0,77	0,79	0,66	1,00

Viðauki C: punktagröf og einkunnadreifing af tölulegum svörum 1-11

Punktagröf meðaltala tölulegra svara hópanna 66 í áfanga- og kennslumati haustið 2023



Viðauki D: Meðaltöl spurninga 1-10 í samanburði við fyrri annir

Spurning	Leggðu mat á áfangann	H22	V23	H23	V24	H24	V25	H25
4	Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.	3,5	3,4	3,3	3,5	3,4	3,4	3,5
10	Þessi áfangi er vel skipulagður	3,4	3,3	3,2	3,5	3,3	3,4	3,5
2	Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar	3,4	3,2	3,2	3,4	3,3	3,3	3,4
	Meðaltal	3,4	3,3	3,3	3,5	3,3	3,4	3,5
	Leggðu mat á kennsluna	H22	V23	H23	V24	H24	V25	H25
9	Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér	3,6	3,5	3,2	3,6	3,5	3,5	3,6
8	Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	3,5	3,4	3,2	3,5	3,3	3,3	3,5
6	Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans	3,5	3,3	3,2	3,5	3,3	3,3	3,5
5	Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	3,4	3,2	3,2	3,3	3,2	3,2	3,4
1	Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni	3,4	3,2	3,1	3,3	3,2	3,2	3,3
	Meðaltal	3,5	3,3	3,2	3,4	3,3	3,3	3,5
	Viðhorf og framlag	H22	V23	H23	V24	H24	V25	H25
3	Ég mæti vel undirbúin í kennslustundir áfangans	3,3	3,1	3,1	3,3	3,2	3,2	3,3
7	Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi	3,3	3,0	3,1	3,3	3,2	3,2	3,3
	Meðaltal	3,3	3,1	3,1	3,3	3,2	3,2	3,3